

Systkinin og vonða nornin

[Hljóðbók](#)



Í landi handan ímyndunarafls, þar sem töfrar streymdu um loftið eins og blíður andvari, bjuggu Hallbjörn og Heiða, þekkt fyrir hugrekki og samvinnu. Einn dimman morgun þegar þau hættu sér djúpt inn í töfra skóginn sáu þau svolítið óvænt. Það fór um þau hrollur.

Dularfull vera, hjúpuð myrkri, kom úr skugganum. Þetta var vonda nornin, þekkt fyrir illvirki sín og hræðileg álög sem hún lagði á fólk. Í illsku sinni lagði hún álög á vini systkinanna og breytti þeim í líflausa steina.



Hallbjörn tók andköf af skelfingu þegar hann horfði á vini sína falla fyrir töfrum nornarinnar. Tárin streymdu niður kinnar Heiðu. Hún kreppti hnefana, staðráðin í að losa vini sína úr þessum álögum. Systkinin vissu að þau urðu að horfast í augu við nornina og binda enda á illsku hennar. En áður en þau náðu að gera nokkuð birtist skyndilega stór blossi. Honum fylgdi dökkblár reykur og þegar birti til var nornin horfin.

Full hugrekkis lögðu þau af stað eftir stígnum sem lá að nornabælinu. Flöktandi ljós sem dansaði milli trjáanna lýsti þeim leiðina.

Þegar þau nálguðust nornabælið birtist gáta rist í stein fyrir framan þau:

„Talaðu sannleikann, en ljúgðu aldrei, finndu lykilinn undir bláum himni. Opnaðu hurðina, með hugrökku hjarta, aðeins þá verður álögnum aflétt.“

Hallbjörn og Heiða horfðu hugsandi hvort á annað og reyndu að ráða gátuna. Þau gengu um í leit að vísbendingum. Þau áttuðu þau sig á því að lykillinn að því að aflétta álögum nornarinnar lá ekki aðeins í líkamlegum styrk þeirra heldur heldur einnig í hjörtum þeirra.

Með hugrekki í hjarta og í trausti á hvort annað gengu systkinin í gegnum töfraskóginn og hittu þar vondar

töfraverur sem nornin stjórnaði. Hver áskorun sem þau stóðu frammi fyrir reyndi á hugrekki og samvinnu þeirra. Á leiðinni björguðu þau álfi sem var fastur í þyrnirunna og gat ekki hreyft sig. Vonda nornin hafði sett upp þyrnirunna til að veiða álfa sem hún notaði til að búa til vonda galdra, því álfar eru gæddir sterkum töfrum. Álfurinn var Hallbirni og Heiðu mjög þakklátur fyrir að hafa bjargað sér og að launum gaf hann þeim töfralykil sem gekk að öllum hurðum í heiminum.



Loksins eftir erfiða göngu í gegnum skóginn, komust þau að háum dyrum nornabælisins. Það var kominn tími til að opna hurðina og takast á við illgjarna galdranornina.

Hallbjörn og Heiða drógu djúpt andann. Þau stóðu þétt hlið við hlið og hjörtu þeirra slógu hraðar. Skjálfandi höndum stungu þau töfralyklinum inn í lásinn. Þau heyrðu lágan smell sem bergmálaði í þögninni.

Þegar hurðin opnaðist kviknaði flöktandi ljós sem afhjúpaði ógnvekjandi bæli nornarinnar. Systkinin stigu inn fyrir. Hjörtu þeirra slógu ört en þau voru staðráðin í að takast á við hvaða áskoranir sem biðu þeirra.

Herbergið var dimmt fyrir utan
töfrakerti sem svifu um veggina og
vörpuðu skelfilegum skuggum sem
mynduðu allskyns skuggalegar
ófreskjur.

Í miðju herberginu stóð nornin og glotti
ánægjulega yfir komu systkinanna.
Rödd hennar hljómaði illgirnislega:
„Hvað sé ég, litlir krakkar, ætluðuð þið
að koma mér á óvart? Búið ykkur undir
að takast á við afleiðingarnar.“

Allt í einu dimmdi í herberginu.
Systkinin urðu óttaslegin. Þau heyrðu
skrækina í norninni bergmála í
herberginu en sáu hana ekki í
myrkrinu.

Hallbjörn og Heiða héldust í hendur og veittu þannig hvort öðru styrk og hugrekki gagnvart norninni. Þau vissu að þau yrðu að treysta á hvort annað og lærdóminn sem þau höfðu öðlast á leið sinni.

Þegar þau fikruðu sig varlega um skuggalegt húsið sem nú minnti einna helst á draugalegt völundarhús, heyrðu þau óhugnanlegt hvísl nornarinnar. En skyndilega breytti nornin röddinni sem nú hljómaði vingjarnlega: „Verið ekki hrædd börnin góð, þið hafið ekkert að óttast.” Systkinin héldu ótrauð áfram ákveðin að láta nornina ekki koma sér úr jafnvægi.

Þau héldu lengra en skyndilega var eins og þau væru komin í gegnum

húsið og út. Það var mikil þoka en tunglið gaf smá ljóstýru. Þau stóðu á barminum á djúpri gjá en fundu þröngan og skuggalegan stíg meðfram gjánni. Hallbjörn og Heiða héldu hugrökk áfram skref fyrir skref. Með samstilltum hreyfingum gengu þau hönd í hönd og treystu á hvort annað.

Eftir að hafa gengið í þó nokkra stund komu þau auga á veru sem hnipraði sig saman og skalf af hræðslu. Þrátt fyrir hættuna nálguðust Hallbjörn og Heiða veruna varlega. Þau hjálpuðu henni á fætur og gáfu henni vatn að drekka úr brúsanum sem Hallbjörn hafði tekið með. Veran var töfravera og full af þakklæti gaf hún þeim töfrapulu. „En töfrapulan virkar bara ef þið eruð óhrædd við myrkrið. Þið verðið að

segja í sameiningu: „Hér er ljósið og við erum óhrædd.“

Hallbjörn og Heiða þökkuðu fyrir sig. Þau voru ánægð að hafa hjálpað verunni og fengið hjá henni galdrapulu.

Þau héldu svo leið sinni áfram eftir dimmum slóðanum. Það leið ekki á löngu þar til þau komu að röð af ráðgátum sem kröfðust vandlegar hugsunar og snjallar lausna. Í sameiningu leystu þau ráðgáturnar. Þá birtist ljósbjarmi og voru þau aftur kominn inn í heimkynni nornarinnar.

Þau tóku eftir því að töfrar hennar dvínuðu og áhrif hennar minnkuðu. Með hverri áskorun sem þau sigrast á, efldust systkinin.

Hún virðist veikburða og viðkvæm.

Hallbjörn og Heiða stóðu andspænis henni. Með mikilli ákveðni, trausti og sannfæringu sögðu þau einum rómi: „Þitt myrkraríki endar hér. Við munum brjóta álög þín og frelsa vini okkar.“

Augu nornarinnar leiftruðu af reiði en undir reiðinni blasti glampi af einhverju löngu týndu - neisti af samúð grafinn djúpt í sál hennar. Þetta var stutt stund, fljótlega dimmdi yfir henni aftur.

Með því að veifa horuðum fingrinum galdraði hún fram eina lokaáskorun. Skuggaverur lifnuðu við allt í kringum þau og hótuðu að gleypa þau lifandi. En systkinin voru ekki lengur hrædd.

Í baráttunni við myrkrið kölluðu Hallbjörn og Heiða í sameiningu: „Hér er ljósið og við erum óhrædd”. Þá kviknaði skært ljós sem sem streymdi í gegnum skuggana. Skuggaverurnar æptu af reiði.

Þá greip Hallbjörn í báðar hendur systur sinnar og í sameiningu kölluðu þau enn hærra: „Hér er ljósið og við erum óhrædd.” Með því leystu systkinin úr læðingi sterkasta ljósargeislan. Hann braut niður galdra nornarinnar sem hélt vinum þeirra föngrum. Steinarnir breyttust aftur í ástkæra vini þeirra.

Þegar herbergið fylltist af ljósi gaf
nornin frá sér hræðilegt öskur. Í
ósigrinum birtist glampi af eftirsjá í
augum hennar, minning um æskuna
sem hún hafði einu sinni átt. En það
var of seint.

Systkinin hjálpuðu vinum sínum út úr
nornabælinu, skildu eftir myrkrið og
stigu út í sólarupprás. Töfrandi
skógurinn, sem eitt sinn var dimmur og
drungalegur blómstraði eins og aldrei
fyrr og varð aftur undurfallegur.